

Afhent af heilbr.m. á  
fund 27. apr. sl.

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 125/1843**  
**komudagur 28.4.2000**



**HEILBRIGÐIS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Laugavegur 116, 150 Reykjavík,

Sími: 560 9700, Bréfsími: 551 9165,

netfang: postur@htr.stjr.is

Samtök verslunarinnar  
Guðrún Ásta Sigurðardóttir  
Húsi verslunarinnar  
103 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2000

Tilvísun: 98020146/400

GGG/--

Í bréfi yðar frá 3. apríl sl. er farið fram á upplýsingar um forsendur á útreikningi lyfjaeftirlitsgjalds skv. frumvarpi til laga um breytingu á lyfjalögum.

Við samningu ákvæða um lyfjaeftirlitsgjald í frumvarpi til laga um breytingu á lyfjalögum var við það miðað að tekjur af hinu nýja gjaldi yrðu sem næst þær sömu og af eldra gjaldi. Lyfjaeftirlitsgjald á að standa undir kostnaði við eftirlitsþátt hinnar nýju Lyfjamálastofnunar. Eldra gjaldið var seinast lagt á á árinu 1998 og byggði á veltutölum frá árinu 1997. Því voru veltutölur ársins 1997 teknar sem viðmiðun við ákvörðun á hinu nýja gjaldi. Hið eldra lyfjaeftirlitsgjald tók bæði mið af hverri einingu sem þurfti að þjónusta og veltu en hið nýja gjald byggir eingöngu á veltu. Af þessum ástæðum mun nýja gjaldið lækka hjá þeim aðilum sem hafa frekar litla veltu en hækka hjá hinum. Á meðfylgjandi töflu kemur fram sundurliðun á helstu flokkum lyfjaeftirlitsgjaldsins. Gjald lyfjabúða og lyfjasala mun lækka um 2,9 millj. kr., dýralækna um um 1 millj. kr. og gjald stofnana ríkisins mun lækka um 900 þús. kr. Gjald lyfjaframleiðenda og lyfjaheildsala mun hins vegar hækka um 5,1 millj. kr. Ætla má að heildaráhrif á verð lyfja verði lítil sem engin.

f. h. r.